



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Ársskýrsla 2017



Efnisyfirlit	
Ársskýrsla 2017	1
Fylgt úr hlaði	3
LÝSING Á STARFI STOFNUNARINNAR	5
Skipurit	5
Starfsemin	6
Rannsóknir og þróun	6
Táknmálskenndi	8
Gaman saman	8
Kennsla fyrir fjölskyldur	9
Almenn kvöldnámskeið	9
Önnur kennsla	9
Námsefnisgerð	9
Túlkaþjónusta	10
Notendur þjónustu	10
Verkefni túlkaþjónustu	11
Veitt þjónusta	14
Þróun túlkaþjónustu	15
Innra starf	16
Ársverkayfirlit	17
Viðauki 1	18



Fylgt úr hlaði

Á árinu var unnið að nýrri heimasíðu shh.is og var efni hennar þýtt á ÍTM. Heimasíðan var opnuð í lok ársins eða þann 12.12.17 og þá var einnig haldið upp á að 10.000 tákni væri komin inn á SignWiki.

Í upphafi ársins kom í ljós að pósthjónn stofnunarinnar væri orðinn gamall og nauðsynlegt væri að skipta honum út. Kostir stofnunarinnar voru að skipta yfir í Office 365 eða að endurnýja pósthjóninn. Ákveðið var að skipta yfir í Office 365 fyrir tölvupóst og skrifstofuhugbúnað og var það gert á haustmánuðum. Yfirfærslan tók nokkurn tíma og var kostnaðarsöm.

Eftir nokkurra ára undirbúning tókust loks samningar á haustdögum á milli Menntamálastofnunar og SHH um að SHH ynni að gerð námsefnis á ÍTM fyrir stofnunina. ÍTM efni hafði ekki fyrr verið eðlilegur hluti af útgáfuáætlun Menntamálastofnunar. Fyrsta verkefni samstarfsins var bókin *Komdu og skoðaðu bílinn minn*.

Í maímánuði var Elsa Guðbjörg Björnsdóttir ráðin að stofnuninni sem þýðandi í námsefnisgerð og sem túlkur. Elsa er fyrsti döff einstaklingurinn til þess að útskrifast sem táknmálstúlkur frá HÍ. Stofnunin getur með hennar framlagi boðið þjónustu millitúlks en þeir eru helst notaðir þegar túlka þarf erlenda döff einstaklinga, mállitla einstaklinga, börn og aldraða.

Samskiptamiðstöð hefur undanfarin ár óskað eftir samtali við ráðuneytið um að skoða og afmarka verkefni stofnunarinnar, hugsanlega lagabreytingu eða samstarf við Háskóla Íslands. Á árinu var settur saman starfshópur um verkefni stofnunarinnar og ráðinn verkefnisstjóri, Hildur Skarphéðinsdóttir sem átti að vinna með stofnuninni að framtíðarskipan SHH og lagabreytingu. Fundað var nokkrum sinnum með Hildi Skarphéðinsdóttur á haustmánuðum og hún upplýst um starfsemi stofnunarinnar. Ekki varð árangur af þessari vinnu á árinu.

Vinna við gerð málheildar íslenska táknmálsins var unnin á stofnuninni undir merkjum Rannsóknarstofu í táknmálsfræðum. Nathaniel Doyle Muncie hlaut þriggja mánaða styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og eins mánaðar mótframlag frá Málvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir verkefnið *Grunnur lagður að málheild íslenska táknmálsins*. Umsjónarmenn verkefnisins voru Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. Í verkefninu fór Nathaniel í gegnum 25 myndbönd úr gagnasafni (SHH og HÍ) og skráði (umritaði) í ELAN í heild (20) eða að hluta (5). Gögnin voru flokkuð og lýsigögn skráð til að auðvelda aðgengi rannsakenda. Verkefnið er mikilvægt framlag til málheildar ÍTM og leggur, eins og til stóð, grunn að málheildinni.



Stofnunin hóf undirbúningsvinnu í september vegna nýju persónuverndarreglugerðar ESB nr. 679/2016. Tveir starfsmenn sóttu málþing persónuverndar um þessar nýju persónuverndarreglur en öll fyrirtæki og stofnanir sem nota persónugreinanleg gögn eiga að fara yfir skráningu þeirra og verkferla og innleiða nýjar verklagsreglur sé einhverju ábótavant. Í kjölfarið var haldin kynning á nýju persónuverndarreglugerðinni fyrir alla starfsmenn á stofnuninni. Starfsmönnum var skipt í hópa til að áhættumeta geymslu persónugreinanlegra upplýsingar. Áhættumat var gert á verkefnum, málum, drifum og þeirri þjónustu sem stofnunin veitir. Reiknaður var út áhættustuðull verkefnanna og skráðar niður aðgerðir til að lækka hann. Fenginn var ábyrgðarmaður á aðgerðirnar sem þarf að sinna og að lokum reiknaður áhættustuðull eftir aðgerðir. Aðgerðum er ekki lokið en sumar aðgerðir eru þess eðlis að þær þarf að vera alltaf í vinnslu. Fanney Ingólfssdóttir stýrði verkinu og er upplýsingaröryggisstefna SHH tilbúin.

Eftirspurn eftir túlkajónustu hefur breyst. Ekki er lengur mestur þungi innan þjónustunnar í framhaldsskólum þar sem eftirspurn eftir þjónustu í skólum hefur minnkað verulega. Eftirspurnin hefur aukist verulega utan hefðbundins dagvinnutíma. Það var því nauðsynlegt að endurskoða vinnuskipulag í þjónustunni. Nýtt vinnuskipulag var tekið upp til reynslu frá september – desember. Breyting á vinnuskipulagi fól í sér eins konar vaktafyrirkomulag, þannig var túlkur á vakt frá 8 á morgnana til 10 á kvöldin. Breytingarnar tóku á en skipulagið reyndist í heildina vel. Með nýja fyrirkomulaginu var auðveldara að bregðast við pöntunum, sem bárust án fyrirvara, og að veita túlkajónustu um helgar og á kvöldin. Ákveðið var að taka nýja vinnuskipulagið upp og gerður var nýr ráðningarsamningur við alla túlka um vaktavinnu. Eðvald Möller vann með stofnuninni að því að gera nýjar vinnuskýrslur til samræmis við vinnuskipulagið.

Á meðan eftirspurn eftir túlkajónustu í skólum hefur minnkað er ljóst að þörf er fyrir meiri túlkun í atvinnulífinu en stofnunin getur veitt. Til þess að mæta þeirri þörf þyrfti að koma til aukið framlag til túlkunar í atvinnulífi. Einnig hefur komið fram skýr krafa frá döff samfélagi um rýmri opnunartíma á myndsímatúlkun. Einnig þarf aukið fjárframlag til þess að hægt sé að mæta því. Fundir með FH og túlkajónustu voru haldnir til að ræða þessi og önnur mál er varða túlkajónustuna og ætlar FH að beita sér í að fá aukinn rétt til túlkunar og þá sérstaklega túlkun í atvinnulífinu.

Á árinu voru túlkaðar 9713 stundir sem eru 1356 tímum minna en á árinu 2016.

Unnið var að nýjum stofnanasamningi með fulltrúum BHM en ekki tókst að ljúka við hann.

Dómsmál var höfðað gegn Samskiptamiðstöð og íslenska ríkinu vegna höfnunar á pöntun um túlkajónustu í útlöndum sem greiða átti úr sjóði til túlkunar í daglegu lífi. Niðurstaða héraðsdóms var að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Veikindi voru meiri en undanfarin ár. Samtals voru veikindadagar 704 á árinu.



LÝSING Á STARFI STOFNUNARINNAR

Stefna og meginmarkið


Meginhlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að því að fólk sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta geti sótt þjónustu, sem veitt er í þjóðfélaginu, á grundvelli íslensks táknmáls. Þetta gerir stofnunin með rannsóknum á íslensku táknmáli, kennslu íslensks táknmáls, námsefnisgerð á íslensku táknmáli, framleiðslu menningarefnis á íslensku táknmáli og túlkajónustu á milli íslensks táknmáls og íslensku.

Samskiptamiðstöðin er þekkingar- og þjónustumiðstöð fyrir táknmálssamfélagið. Starf stofnunarinnar skal sérstaklega nýtast þeim sem nota íslenskt táknmál til daglegra samskipta við aðra, svo sem döff, heyrnarskertum og daufblindum og fjölskyldum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á þjónustu við börn á máltökualdri og nemendur á öllum skólastigum.

Samskiptamiðstöð hefur forystu í sérhæfðri þjónustu sem stuðlar að þátttöku fólks sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta. Á Samskiptamiðstöð er sköpuð ný þekking á starfssviði stofnunarinnar, þekkingu er safnað, hún er þróuð og henni er miðlað.

Skipurit

Forstöðumaður, aðstoðarforstöðumaður og sviðsstjóri táknmálssviðs mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Deildarstjóri túlkajónustu stýrir miðlun túlkajónustu og verkefnisstjórar úr hópi starfsmanna stýra einstökum verkefnum.





Starfsemin

Unnið er að rannsóknum á íslensku táknmáli í samvinnu við Háskóla Íslands og erlenda fræðimenn. Fræðasviðin eru málfræði, máltökufraði, mannfræði og kennsla. Þá er unnið að varðveislu íslensks táknmáls og söfnun í gagnagrunn sem nýtist til rannsókna og við gerð á málheild fyrir íslenskt táknmál.

Kennsla íslensks táknmáls fer fram á öllum stigum innan skólakerfisins. Innan leik-, grunn- og framhaldsskóla eru kennd stök námskeið og öll færninámskeið innan táknmálsfræði HÍ eru kennd af starfsfólki SHH. Einnig sér stofnunin um fræðilega kennslu í túlkanámi og verklega þjálfun túlkanema við HÍ. Þá er boðið upp á kvöldnámskeið fyrir almenning á stofnuninni, helgarnámskeið fyrir fjölskyldur döff barna og einstaklingskennslu fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn og fullorðna.

Á stofnuninni er unnið að menningarefni fyrir börn á máltökualdri, námsefnisgerð fyrir kennslu stofnunarinnar í íslensku táknmáli, ýmsum þýðingum frá íslensku yfir á íslenskt táknmál, söfnun tákna og tákna sambanda í orðabók (Signwiki).

Túlkaþjónusta á milli íslensks táknmáls og íslensku er veitt frá stofnuninni. Vinna túlka fer fram þar sem þjónusta samfélagsins er veitt s.s. í skólum eða á heilbrigðisstofnunum, fundum eða þar sem döff fólk sækir þjónustu eða á samskipti við fólk sem reiðir sig á íslensku til samskipta.

Þá veitir Samskiptamiðstöð þeim sem til hennar leita aðra þjónustu sem tengist samskiptum á íslensku táknmáli og stuðlar að þátttöku döff fólks í íslensku samfélagi.

Rannsóknir og þróun

Meginmarkmið rannsókna er að fá betri skilning á eðli íslensks táknmáls og táknmálssamskipta, máltöku barna í gegnum íslenskt táknmál, kennsluaðferðum og námsefnisgerð á íslensku táknmáli. Unnar eru rannsóknir á táknmálssamskiptum og íslensku táknmáli, unnið að þróun prófa og greiningartækja og aðferða við kennslu táknmáls, þá er unnið að þróun námsefnis, hugbúnaðarþróun, ásamt nýsköpun á sviði túlkunar og táknmálssamskipta.

Málþroskarannsóknir

Stöðumat. Á árinu 2017 var unnið að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati á færni í íslensku táknmáli. Stöðumatið er sniðið að færni hvers barns og er byggt á niðurstöðum sem hafa fengist úr rannsókn á málþroska, fyrri stöðumötum og erlendum fyrirmyndum. Gerð voru 2 stöðumöt á árinu 2017. Annað fyrir leikskóla og hitt fyrir grunnskóla. Niðurstöðum þessara tveggja prófa var bætt við söfnun á niðurstöðum prófa



sem nú þegar liggja fyrir. Annað prófið byggði að hluta til á hugmyndafræði CEFR (evrópski tungumálaramminn) þar sem prófið var ætlað nemanda í 10. bekk og bætti þar með við aðferðafræði við mat á málþroska.

Greinandi próf. Um haustið hófst vinna við að gera próf í endurtekningu setninga fyrir ÍTMBörn. Að prófinu unnu fyrir heyrandi málfræðingur og döff málhafi í samvinnu við sérfræðinga frá Frakklandi, Sviss, Bretlandi, Svíþjóð, Þýskalandi og Bandaríkin. Lokið er við að vinna setningar á íslensku og glósa þær á ÍTM og greina þyngdarstig setninga út frá setningafræði og orðhlutafræði ÍTM. Gert hefur verið ferli fyrir aðlögun prófsins sem fylgt verður á nýju ári. Haft var samband við erlenda sérfræðinga á sviðinu varðandi frekari handleiðslu. Markmiðin eru að prófið verði tilbúið til notkunar í lok 2018.

Námsmat. Á árinu hófst verkefni við þróun námsmats, sem fylgir CEFR, undir leiðsögn Júlíu G. Hreinsdóttur. Búið er að þýða á íslensku kafla úr CEFR sem snúa að námsmati, afmarka verkefnið, lýsa því og setja fram markmið. Áætlað er að námsmat fyrir A1 og A2 verði tilbúið fyrir lok 2018 og námsmat fyrir B1 og B2 fyrir lok 2019.

Þróun samstarfsverkefnis í snemmtækri íhlutun. Samstarf við HTÍ hefur gengið vel. Fjölskylduráðgjafar hittust reglulega á vormánuðunum. Samkvæmt verkefnisáætlun átti að hefja verkefnið með formlegum hætti í lok maí mánaðar með undirskrift á samstarfsyfirlýsingu. Úr því varð ekki vegna manneklu og penningaskorts á HTÍ. Samstarfsverkefnið hefur því ekki haldið áfram á haustönninni eins og til stóð. SHH fylgdi áfram áætlunum verkefnisins sem að stofnuninni sneru. Samstarf við lykilstarfsmenn á HTÍ hefur haldið áfram og verkefnið hefur skilað meiri og betri samvinnu stofnananna.

Samstarf við dr. Helenu Koulidobrovu. Á árinu hófst samstarf við dr. Helenu Koulidobrovu dósents við Central Connecticut State University við athugun á tvítýngi þar sem annað málið er íslenskt táknmál og á áhrifum tvítýngis málhafa á þróun íslensks táknmáls. Gerð var áætlun um samstarf og unnin drög að rannsóknaráætlun. Sömuleiðis var gerð áætlun um handleiðslu frá Helenu við greiningu á gagnasafni SHH um máltöku á ÍTM og við að setja fram niðurstöður í fræðilegu samhengi.

Þjónusta við fjölskyldur barna með heyrnarskerðingu á grundvelli SkiHi. Fjórar fjölskyldur fengu ráðgjöf (ein döff og fjórar heyrandi).

Tvítýngisumræða. Starfshópur innan SHH vann saman að því að rýna í hugtakið tvítýngi þar sem annað málið er íslenskt táknmál. NI kynnti hugtakið tvítýngi út frá fræðilegri umræðu. Markmiðið með verkefninu eru að innan SHH sé sameiginlegur skilningur á hvað tvítýngi með



Íslensku táknmáli er og að starfsfólk kynni og ræði hugtakið með sama skilningi. Umræðurnar halda áfram 2018.

Daufblinda. Tvær samskiptagreiningar voru gerðar á fullorðnum einstaklingum. Samstarf við ÞPM hélt áfram með reglulegum fundum í teymi um þjónustu við fólk með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu.

Kennsla í lífsleikni á ÍTM fyrir tvo döff nemendur í grunnskóla. Á vorönn hófst undirbúningur að kennslu í lífsleikni á ÍTM. Þróuð var námskrá í námsgreininni: lífsleikni á ÍTM fyrir tvo döff nemendur á grundvelli Aðalnámskrár grunnskóla og með hliðsjón af þörfum nemendanna og óskum frá umsjónarkennar þeirra.

Vinna við málheild. Nathaniel Doyle Muncie hlaut þriggja mánaða styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og eins mánaðar mótframlag frá Málvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir verkefnið *Grunnur lagður að málheild íslenska táknmálsins*. Umsjónarmenn verkefnisins voru Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir og var það unnið á Samskiptamiðstöð. Í verkefninu fór Nathaniel í gegnum 25 myndbönd úr gagnasafni (SHH og HÍ) og skráði (umritaði) í ELAN í heild (20) eða að hluta (5). Gögnin voru flokkuð og lýsigögn skráð til að auðvelda aðgengi rannsakenda. Verkefnið er mikilvægt framlag til málheildar ÍTM og leggur, eins og til stóð, grunn að málheildinni.

Táknmálakennsla

Meginmarkmið kennslu íslensks táknmáls og námsefnisgerðar er að skapa skilyrði til máltöku fyrir börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert með það að markmiði að þau nái fullri málfærni í íslensku táknmáli og fullum skilningi á því. Jafnframt er kennslunni ætlað að stuðla að almennri táknmálþekkingu meðal þeirra sem nota táknmál til daglegra samskipta og aðila sem veita þeim þjónustu, þannig að samskipti þeirra verði svo auðveld og árangursrík sem kostur er.

Gaman saman

Sjö til níu börn úr Hlíðaskóla og tvö börn úr Holtaskóla tóku þátt í námskeiðinu auk nemenda úr Sólborg sem komu einu sinni í mánuði. Samskiptamiðstöð fékk 425.650 kr styrk úr Barnauppeldissjóði Thorvaldsensfélagsins til kaupa á 70 barnabókum og 10 lyklaborðum (*Apple Smart Keyboard 10,5*) sem tengjast spjaldtölvum krakkanna. En félagið gaf þær á síðasta ári.



Kennsla fyrir fjölskyldur

Kennt var annan laugardag hvers mánaðar, samtals 8 helgar á árinu frá kl 8:00-13:00. Um 20-10 fullorðnir einstaklingar mættu í hvert skiptið ásamt 16-20 börnum. Þátttakan var jöfn og góð. Kennt var frá febrúar fram í maí og frá september fram í desember.

Hópunum var skipt í þrjá hópa, byrjendur, miðhóp og framhaldshóp, einnig var alltaf barnahópur í gangi og þar voru 3-4 kennarar með þeim hópi. Um haustið var boðið upp á fleiri tíma fyrir foreldrana með því að hafa opin spjallkvöld einu sinni í viku í tvo tíma í senn og var þátttakan þar ágæt.

Heimsóknir voru alls til fimm fjölskyldna, 2 fengu efni upp úr Ski-Hi. Einnig var veitt ráðgjöf til einnar fjölskyldu á Akureyri og einn döff þar fékk líka táknmálskennslu.

Almenn kvöldnámskeið

Almenn kvöldnámskeið (20 tímar) var eitt að vori til, tákn 1 og tvö að hausti tákn 1 og tákn 2.

Önnur kennsla

Kennt var í framhaldsskólum á árinu 2017, við Menntaskólann við Hamrahlíð var kennt bæði á vor- og haustönn, einn hópur að vori og tveir að hausti. Við Kvennaskólann var einn hópur á táknmálsnámskeiði á vorönninni. Við Háskóla Íslands var kennt bæði á vor- og haustönn, einn hópur hvora önnina.

Táknmálskennsla tveggja nemenda í grunnskóla fór fram á Samskiptamiðstöðinni tvisvar í viku á vor- og haustönn. Á vorönn var ÍTM sem fyrsta mál en þeirri kennslu lauk eftir vorönnina að ósk skólans. Á haustönn var kennsla í lífsleikni á ÍTM fyrir sömu nemendum.

Haldin voru 2 námskeið fyrir starfsfólk NPA á vor- og haustönn, alls 5 mætingar á hvoru námskeiði, 1,5 klst í senn. Þátttakendur voru allt að 9 manns.

Námsefnisgerð

Kennslubókin „Komdu og skoðaðu bílinn“ var þýdd og tekin upp fyrir Menntamálastofnun.

Styrkir fengust frá Þróunarsjóði námsgagna og Sprotasjóði til þess að vinna þýðingu á Íslandsbók barnanna. Frá Þróunarsjóði námsgagna fengust 1.500.000 kr og Sprotasjóði 1.500.000. Upptökum lauk að mestu fyrir áramót og byrjað var að klippa og setja bókina saman. Efni bókarinnar var nýtt strax á haustönn til kennslu í Gaman saman verkefni.

Byrjað var að grófpýða barnabækur, sem fengust að gjöf frá Thorvaldsenfélagi á árinu.




Túlkaþjónusta

Starfandi túlkar í lok árs 2017 voru 14 í um 12,35 stöðugildum. Tveir túlkar voru í fæðingarorlofi hluta af árinu. Eftirspurn eftir túlkaþjónustu í skólum dróst verulega saman á árinu. Framlag í félagslega sjóðinn var 30.4 mkr eða 3000 túlkaðir tímar. Veitt var túlkun í 3031 tíma og farið um 300 þús umfram fjárveitingu. Nokkuð var um að aðilar sem höfðu óskað eftir túlkun neituðu að greiða reikninga þannig að meira féll á sjóðinn en gert hafði verið ráð fyrir eða um 400 þúsund krónur til viðbótar. Því var lokatalan **3073** tími. Eftirspurn eftir túlkaþjónustu hefur breyst og aukist utan hefðbundins dagvinnutíma. Til að bregðast við því var tekið upp nýtt vaktafyrirkomulag í túlkaþjónustunni. Með því móti er auðveldara að bregðast við pöntunum sem berast án fyrirvara og að veita túlkaþjónustu um helgar og á kvöldin. Auk þess hafa túlkar sinnt verkefnum á öðrum sviðum stofnunarinnar.

Notendur þjónustu

Jafnt hlutfall karla og kvenna fengu túlkaþjónusta á árinu eða 41% af hvoru kyni fyrir sig. Í 7% tilfella er um blandaðan hóp að ræða. Jafnt hlutfall kynja undir 18 ára nýtir sér túlkaþjónustu eða 5% hvort kyn. Tölurnar eru nánast eins á milli árána 2016 og 2017.



Tafla yfir kynjahlutfall

Verulega hefur dregið úr eftirspurn eftir skólatúlkun. Flestar pantanir eru nú endurgjaldslaus túlkaþjónusta í daglegu lífi (félagslegi sjóðurinn) og greinilega er mun meiri þörf fyrir túlkun í atvinnulífinu en hægt er að sinna. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir túlkun í atvinnulífi aukist enn á næstu árum ásamt myndsímatúlkun. Flestir í hópi táknmálstalandi einstaklinga eru fæddir árið 1964 og hafa lokið skólagöngu. Í staðinn vilja þeir nýta sér endurgjaldslausu túlkun í daglegu lífi í meira mæli s.s. vegna alls kyns námskeiða, myndsímatúlkunar og húsfunda. Þá er



yngra fólk sem lokið hefur námi orðið virkara á vinnumarkaði og óskar eftir túlkun til þess að geta tekið þátt í atvinnulífinu til jafns á við aðra.


Ýmis önnur verkefni voru unnin af túlkahópnum fyrir stofnunina þegar verkefni við túlkun voru ekki næg. Þetta voru til dæmis þýðingar á námsefni og bókum, skráning tákna á Signwiki ásamt öðru.

Verkefni túlkajónustu

Túlkun í skólum		3323
Framhaldsskólar	1174,5	
Háskóli Íslands	1712,5	
Aðrir skólar	436	
Endurgjaldslaus túlkajónusta í daglegu lífi		3073
Heilbrigðistúlkun		1592,5
Félagsleg túlkun (almenn túlkun)		1588,5
Sveitarfélög, tómstundir og menningarviðburðir		41
Kirkjulegar athafnir		95
Samtals		9713

Endurgjaldslaus túlkajónusta í daglegu lífi

Túlkaðir voru 3073 tímar fyrir fjármagn veitt í endurgjaldslausu túlkajónustu og sést hér fyrir neðan hvernig verkefni skiptust. Mest var túlkað í verkefnum tengdri atvinnu og félagslegri þátttöku en myndsímatúlkun er mun meira notuð en áður og oft vegna atvinnumála.



Endurgjaldslaustúlkajónusta, flokkuð eftir tegund verkefna


Myndsímatúlkun

Myndsímatúlkun er greidd af framlagi til endurgjaldslausrar túlkajónustu. Opið er sex tíma á dag fjórum sinnum í viku og fjóra tíma á dag einu sinni í viku. Aðeins er opið virka daga.

Á árinu 2017 voru að meðaltali túlkuð 22 símtöl hvern opnunardag en það er svipaður fjöldi símtala og árinu áður. Fyrir það fjölgaði mikið símtölum ár frá ári.

Myndsímatúlkun er lang mest notuð til þess að afla upplýsinga, vegna ýmiss konar þjónustu og viðskipta. Þá er símatúlkun mikilvæg vegna heilbrigðisþjónustu og hafa mál tengd atvinnu einnig verið leyst með símatúlkun.


Heilbrigðisþjónusta	820
Túlkur í tösku	19
Viðskipti og fjármál	1256
Upplýsingar og þjónusta	2773
Fjölskylda og vinir	179
Atvinna	265
Lögfræðingar	32
Textatúlkun	264
Utan opnunartíma	0
Aðrir til táknaðstalandi fólks	47



Hér fyrir neðan er samtantekt af símtölum yfir mánuð á árunum 2010, 2014 og 2017.

Símtölunum fer fjölgandi en opnunartíminn var aukinn eftir 2010 þannig að það sést vel hve mikil þörf er á lengri opnunartíma. Ítrekað hefur verið óskað eftir auknum opnunartíma í símatúlkun. Mest eru það táknmálstalandi einstaklingar sem hringja inn en öðru fólki, sem þarf að ná tali af þeim, fer fjölgandi.

Þörf er fyrir að hafa tvo starfandi myndsímatúlka auk þess að lengja opnunartíma.



Próun myndsímatúlkunar, fjöldi símtala á mánuði

Veitt þjónusta

Túlkaðar voru 9713 klukkukstundir á árinu 2017 en ekki náðist að sinna 196 tímum. Á haustönninni náðist betri árangur í að verða við beiðnum en um vorið en þá var fleiri beiðnum hafnað. Það er líka vegna þess að á haustönninni snarminnkaði eftirspurn eftir túlkun í skólum. Verkefni sem ekki náðist að sinna voru fundir, fyrirlestrar og námskeið þar sem pantanir bárust með skömmum fyrirvara. Einnig var um að ræða verkefni sem fóru fram á öðru tungumáli og verkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Til þess að mæta breyttri eftirspurn eftir þjónustu var tekið upp vaktafyrirkomulag á haustönninni. Það gerði túlkajónustuna hæfari til þess að mæta eftirspurn eftir túlkun á kvöldin og um helgar og túlkun sem pöntuð var með skömmum fyrirvara.

Samtals bárust fimm beiðnir um endurgjaldslausu túlkajónustu erlendi. Þeim var öllum hafnað. Fjárframlag til endurgjaldslausrar túlkajónustu í daglegu lífi er einungis ætlað til túlkunar innanlands en auk þess var í öllum tilvikum um að ræða of stóran hluta af fjárveitingu tímabilsins.




Þróun túlkajónustu

Frá árinu 2000 til 2014 fjölgaði túlkuðum tímum árlega en á síðustu tveimur árum hefur þeim fækkað umtalsvert. Myndsímatúlkun hefur hins vegar aukist á milli ára.

Ár	Tímar á ári
2000	5880
2001	4320,5
2002	4253,5
2003	3620,5
2004	4492
2005	5538
2006	5695
2007	7544
2008	8607
2009	8762,5
2010	10403
2011	10361,5



2012	10780
2013	11124
2014	11602
2015	11807
2016	11069
2017	9713



Túlkaðir tímar á ári frá árinu 2000 til 2017

Innra starf

Office365 var tekið upp á árinu fyrir tölvupóst og skrifstofuhugbúnað. Unnið var að upplýsingaöryggisstefnu fyrir stofnunina og hún innleidd. Þá kom Paula Pittman og skihi og þjálfaði rágjafa stofnunarinnar. Unnið var að:

Skráning myndbanda. Vinnu við endurskráningu rafrænna myndbandsagna SHH var haldið áfram í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, sömuleiðis vinna við að fá leyfisbréf frá málhöfum og skráning bókasafnsbóka í samvinnu við Þjóðarbókhöðuna.

Fræðsla/vinnustofur fyrir táknmálstúlka. Markmið vinnustofanna var að skilgreina og skoða sérstaklega túlkun dökk börn. Vinnan byggði á erlendum rannsóknum og reynslu túlka SHH. Sérstök umræða var um hvernig túlkað er fyrir börn með sérþarfir.

SignWiki. Við lok árs 2017 voru um 10.000 tákn komin inn í orðabókina á Signwiki. Haldið var áfram með textun á táknmálsefni sem búið er að gefa út og var því bætt inn á síðuna. Samstarf var við kennara Hlíðaskóla um að setja inn á SignWiki tákn fyrir ýmsar sögupersónur, sem orðið hafa til í tengslum við lestrarkennslu. Unnið var við frágang á greininni Málstýring



Íslenska táknmálsins á ÍTM, greinin er komin inn á vefinn, en vegna tæknilegara vandamála hefur hún ekki verið kynnt og það verður ekki gert fyrr en lausn hefur verið fundin á Multiload virkni þeirrar síðu.

Heimasíða Samskiptamiðstöðvar var opnuð þann 12. desember. Samkvæmt vefstefnu verður birt á heimasíðunni fræðslufni og upplýsingar sem standa eiga til langs tíma. Þar verður hægt að sjá að hvaða verkefnum stofnunin vinnur og hvar sé hægt að fá frekari upplýsingar.

Fræðslufni sem Samskiptamiðstöð gefur út mun áfram birtast á SignWiki.

Heimsóknir og viðburðir. Ýmsir komu gestir á Samskiptamiðstöð frá Bandaríkjunum, döff gestir frá Danmörku og nokkrir innlendir hópar. Sex málstofur voru haldnar á árinu og voru fyrirlesarar úr hópi samstarfsaðila Samskiptamiðstöðvar. Dr. Elena Koulidobrova hélt fyrirlestur um tvítyngi og viðurkenningu á táknmálum. Fjallað var um viðfangsefni þriðju ráðstefnu Heimssamtaka heyrnarlausra, starf talmeinafræðings var kynnt og vinna með börnum með skerta heyrn, rætt var um mikilvægi samskipta við börn strax frá fæðingu þeirra og um málörvun. Ákveðið var að leggja málstofuröðina niður þar sem erfitt hefur gengið að fá fyrirlesara og gesti. Þess í stað var ákveðið að bjóða upp á vinnustofur um máltöku og menntun á ÍTM í samstarfi við Sólborg og Hlíðaskóla, tvær vinnustofur verða haldnar á vorönn 2017 og tvær á haustönn 2017.

Ársverkayfirlit

Skipulagseining

SHH Stjórnun og skrifstofa	4
SHH Táknmálssvið	9,67
SHH Túlkaþjónusta	12,35
	Samtals: : 26,02

Starfsfólk

Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar á ólík móðurmál. Á táknmálssviði eiga fjórir starfsmenn íslenskt táknmál og einn lettneskt táknmál að móðurmáli, einn starfsmaður á búlgörsku að móðurmáli og fjórir íslensku. Táknmálssviðið er eina sviðið þar sem hægt er að státa sig af karlkyns starfsmönnum en þeir eru tveir í 10 manna hópi. Flestir starfsmenn eru í Fræðagarði, sem er stéttarfélag innan BHM og nokkrir í SFR sem er undirfélag BSRB.

Í lok árs 2017 voru 31 starfsmaður í 26,02 stöðugildum. Þrír starfsmenn hættu störfum á árinu og nokkrir fluttist á milli verkefnasviða innan stofnunar. Þrír starfsmenn voru í fæðingarorlofi hluta af árinu og sex starfsmenn í veikindaleyfi í mánuð eða meira.



Viðauki 1

Starfsfólk við lok árs 2017

Agnes Steina Óskarsdóttir	táknmálstúlkur
Anna Dagmar Daníelsdóttir	táknmálstúlkur
Arnþrúður Jónsdóttir	táknmálstúlkur
Auður Sigurðardóttir	táknmálstúlkur
Árný Guðmundsdóttir	táknmálstúlkur, sviðsstjóri á táknmálssviði
Eva Rún Guðmundsdóttir	táknmálstúlkur
Elsa Guðbjörg Björnsdóttir	táknmálstúlkur/þýðandi
Eyrún Helga Aradóttir	táknmálstúlkur
Fanney Ingólfssdóttir	aðstoðarforstöðumaður
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir	sviðsstjóri túlkaþjónustu
Guðrún Eygló Bergþórsdóttir	táknmálstúlkur
Guðrún Heiða Guðmundsdóttir	táknmálstúlkur
Hólmfríður Þóroddsdóttir	táknmálstúlkur
Iðunn Ása Óladóttir	táknmálstúlkur
Iðunn Bjarnadóttir	táknmálstúlkur
Júlía Guðný Hreinsdóttir	kennari/fagstjóri
Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir	táknmálstúlkur
Kristín Lena Þorvaldsdóttir	sviðsstjóri táknmálssviðs
Lilja Þórhallsdóttir	táknmálstúlkur/ráðgjafi
Lína Hrönn Þorkelsdóttir	táknmálstúlkur
Margrét Gígja Þórðardóttir	táknmálskennari
Nedelina Stoyanova Ivanova	málfræðingur
Sara Snorradóttir	táknmálstúlkur
Sigrún Arna Hafsteinsdóttir	táknmálstúlkur
Svava Jóhannesdóttir	málþroskapróf
Tómas Ásgeir Evertsson	tæknimaður
Uldis Ozols	kennari
Unnur Ósk Unnsteinsdóttir	táknmálstúlkur
Valgerður Stefánsdóttir	forstöðumaður
Vilborg Friðriksdóttir	verkefnastjóri
Þóra Lind Þórsdóttir	táknmálstúlkur